BARNAVERNDARSTOFA

# Samanburður á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda og fjölda umsókna um þjónustu til Barnaverndarstofu fyrstu sex mánuði áranna 2012 og 2013

**2013**

Í þessari samantekt er að finna samanburð á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda skv. sískráningu nefndanna fyrir fyrstu sex mánuði áranna 2012 og 2013. Endanlegar upplýsingar um fjölda tilkynninga koma fram í samtölublöðum barnaverndarnefndanna sem birtast í ársskýrslu Barnaverndarstofu. Einnig er hér að finna upplýsingar um fjölda umsókna um þjónustu til Barnaverndarstofu fyrir fyrstu sex mánuði áranna 2012 og 2013

**Tilkynningar til barnaverndarnefnda**

Tilkynningum til barnaverndarnefnda fjölgaði um tæplega 5% fyrstu sex mánuði ársins 2013 samanborið við fyrstu sex mánuði ársins 2012. Fjöldi tilkynninga var 4.264 fyrstu sex mánuði ársins 2013, en 4.066 fyrir sama tímabil árið á undan.
Fleiri tilkynningar bárust um drengi, en stúlkur, en hlutfall tilkynninga vegna drengja var 53,9% fyrst sex mánuði ársins 2013. Tilkynningum á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði um rúmlega 2% en fjölgunin var rúmlega 11% á landsbyggðinni. Þess ber að geta að tilkynning til barnaverndarnefndar verður að barnaverndarmáli ef tekin er ákvörðun um könnun máls í kjölfar tilkynningarinnar.

Flestar tilkynningar voru vegna vanrækslu eða 36,6% tilkynninga fyrstu sex mánuði ársins 2013. Fyrir sama tímabil árið á undan voru flestar tilkynningar vegna áhættuhegðunar barns eða 40,5%. Hlutfall tilkynninga um ofbeldi fyrstu sex mánuði ársins 2013 var 26,9%, en 23,4% fyrir sama tímabil árið á undan. Hlutfall tilkynninga þar sem að heilsu eða lífi ófædds barns var stefnt í hættu hækkaði úr 0,5% fyrstu sex mánuði ársins 2012 í 0,8% fyrstu sex mánuði ársins 2013.

Hlutfall tilkynninga þar sem tilkynnt var um vanrækslu og fram kom að foreldrar voru í áfengis- og/eða fíkniefnaneyslu var 9,3% fyrstu sex mánuði ársins 2013, en 8,0% fyrir sama tímabil árið á undan. Í tilkynningum um ofbeldi var hlutfall tilkynninga þar sem um heimilisofbeldi var að ræða 5,6% fyrstu sex mánuði ársins 2013, sama hlutfall og árið á undan.

Samanlagður fjöldi barna sem tilkynnt var um fyrstu sex mánuði ársins 2013 var 3.518 börn, en sambærileg tala fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2012 var 3.459 börn. Þess ber að geta að tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt var um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

**Umsóknir til Barnaverndarstofu**

Umsóknum um meðferðarheimili fækkaði fyrstu sex mánuði ársin 2013 miðað við sama tímabil árið á undan. Umsóknir voru 29 fyrstu sex mánuði ársins 2013 en 38 fyrir sama tímabil árið á undan. Flestar umsóknir fyrstu sex mánuði ársins 2013 voru frá Reykjavík og nágrenni Reykjavíkur eða 58,6% umsókna, en 41,4% umsókna voru frá nefndum á landsbyggðinni. Fleiri umsóknir bárust fyrir drengi fyrstu sex mánuðina bæði árin. Hlutfall drengja var 65,5% fyrstu sex mánuði ársins 2013 en 57,9% fyrstu sex mánuði ársins 2012. Meðalaldur barna sem sótt var um meðferð fyrir var rúmlega 16 ár bæði árin.

Alls bárust 44 umsókn um MST fyrstu sex mánuði ársins 2013, sem er fjölgun frá árinu á undan, en þá bárust 31 umsókn fyrir sama tímabil. Fjölkerfameðferð (MST) snýr að fjölskyldum unglinga með fjölþættan hegðunarvanda sem kominn er á það alvarlegt stig að vistun unglings utan heimilis er talin koma til greina. Markhópurinn eru unglingar á aldrinum 12-18 ára og fer meðferðin fram á heimilum fólks. Fleiri umsóknir bárust fyrir drengi bæði árin. Hlutfall drengja var 56,8% fyrstu sex mánuði ársins 2013 en 51,6% fyrstu sex mánuði ársins 2012. Meðalaldur barnanna sem sótt var um meðferð fyrir var 15,2 ár fyrstu sex mánuði ársins 2013, en 15,5 ár fyrstu sex mánuði ársins 2012.

Umsóknum um ábendingu um hæfa fósturforeldra fjölgaði úr 57 í 74 á umræddu tímabili. Fjölgunin var mest í umsóknum um tímabundið fóstur. Flestar umsóknir fyrstu sex mánuði ársins 2013 voru frá Reykjavík og nágrenni Reykjavíkur eða 60,8% umsókna, en 39,2% umsókna voru frá nefndum á landsbyggðinni. Fleiri umsóknir bárust fyrir drengi fyrstu sex mánuði ársins 2013. Hlutfall drengja var 54,1% fyrstu sex mánuði ársins 2013 en 43,9% fyrstu sex mánuði ársins 2012.

Í Barnahúsi voru rannsóknarviðtöl samtals 151 fyrstu sex mánuði ársins 2013 en 121 fyrir sama tímabil árið á undan. Skýrslutökum fjölgaði úr 28 í 60 á umræddu tímabili, en könnunarviðtölum fækkaði úr 93 í 91. Stúlkur voru í meirihluta þeirra barna sem komu í rannsóknarviðtöl, 72,2% fyrstu sex mánuði ársins 2013 og 75,2% fyrstu sex mánuði ársins 2012.

Vistanir á neyðarvistun Stuðla voru 105 fyrstu sex mánuði ársins 2013, en 101 fyrir sama tímabil árið á undan. Vistunardögum fjölgaði á fyrstu sex mánuðum ársins 2013, voru 766 dagar, en 608 dagar fyrir sama tímabil árið á undan. Fjöldi einstaklinga fyrstu sex mánuði ársins 2013 var 56, en 54 fyrir sama tímabil árið á undan.

Umsóknum þeirra sem óska eftir að gerast fósturforeldrar fækkaði um eina umsókn eða úr 33 umsóknum fyrstu sex mánuði ársins 2012 í 32 umsóknir fyrstu sex mánuði ársins 2013 Flestar umsóknir voru frá Reykjavík og nágrenni.

Í eftirfarandi töflum má sjá sundurliðun á þessum samanburði.

# Tilkynningar til barnaverndarnefnda

## Fjöldi tilkynninga

| Barnaverndarnefnd | Fyrstu 6 mán. 2012 | | Fyrstu 6 mán. 2013 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Reykjavík | 1.817 | 44,7 | 1.855 | 43,5 |
| Seltjarnarnes | 27 | 0,7 | 27 | 0,6 |
| Kópavogur | 371 | 9,1 | 381 | 8,9 |
| Garðabær | 67 | 1,6 | 101 | 2,4 |
| Hafnarfjörður | 458 | 11,3 | 443 | 10,4 |
| Álftanes* | 44 | 1,1 | 0 | 0,0 |
| Reykjanesbær | 237 | 5,8 | 342 | 8,0 |
| Grindavík | 57 | 1,4 | 53 | 1,2 |
| Sandgerði | 99 | 2,4 | 108 | 2,5 |
| Mosfellsbær | 69 | 1,7 | 108 | 2,5 |
| Akranes | 65 | 1,6 | 83 | 1,9 |
| Borgarfjarðar og Dala | 32 | 0,8 | 15 | 0,4 |
| Snæfellinga | 10 | 0,2 | 10 | 0,2 |
| Norðanverðir Vestfirðir | 86 | 2,1 | 66 | 1,5 |
| Vesturbyggð og Tálknafjörður | 8 | 0,2 | 2 | 0,1 |
| Húnaþing vestra | 26 | 0,6 | 26 | 0,6 |
| A-Hún | 18 | 0,4 | 23 | 0,5 |
| Skagafjörður | 13 | 0,3 | 9 | 0,2 |
| Útey | 37 | 0,9 | 39 | 0,9 |
| Eyjafjörður | 176 | 4,3 | 196 | 4,6 |
| Þingeyingar | 27 | 0,7 | 27 | 0,6 |
| Fljótsdalshérað | 33 | 0,8 | 28 | 0,7 |
| Fjarðabyggð | 28 | 0,7 | 45 | 1,1 |
| Hornafjörður | 25 | 0,6 | 17 | 0,4 |
| Árborg | 82 | 2,0 | 101 | 2,4 |
| Árnesþing | 61 | 1,5 | 58 | 1,4 |
| Rang.valla- og V-Skaftafellss. | 19 | 0,5 | 20 | 0,5 |
| Vestmannaeyjar | 74 | 1,8 | 81 | 1,9 |
| **Samtals** | **4.066** | **100,0** | **4.264** | **100,0** |

*Við áramótin 2012-2013 sameinaðist barnaverndarnefnd Álftaness barnaverndarnefnd Garðabæjar

## Fjöldi tilkynninga skipt eftir kynjum

| Kyn | Fyrstu 6 mán. 2012 | | Fyrstu 6 mán. 2013 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Drengir | 2.245 | 55,2 | 2.298 | 53,9 |
| Stúlkur | 1.803 | 44,4 | 1.937 | 45,4 |
| Ekki vitað* | 18 | 0,4 | 29 | 0,7 |
| **Samtals** | **4.066** | **100,0** | **4.264** | **100,0** |

*Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna

## Fjöldi tilkynninga eftir landsvæði

| Landsvæði | Fyrstu 6 mán. 2012 | | Fyrstu 6 mán. 2013 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Höfuðborgarsvæði* | 2.853 | 70,2 | 2.915 | 68,4 |
| Landsbyggð | 1.213 | 29,8 | 1.349 | 31,6 |
| **Samtals** | **4.066** | **100,0** | **4.264** | **100,0** |

*Höfuðborgarsvæðið tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

## Fjöldi barna sem tilkynnt var um*

| Barnaverndarnefnd | **Fyrstu 6 mán. 2012** | | **Fyrstu 6 mán. 2013** | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Reykjavík | 1.487 | 43,0 | 1.415 | 40,2 |
| Seltjarnarnes | 27 | 0,8 | 24 | 0,7 |
| Kópavogur | 314 | 9,1 | 321 | 9,1 |
| Garðabær | 67 | 1,9 | 94 | 2,7 |
| Hafnarfjörður | 411 | 11,9 | 387 | 11,0 |
| Álftanes* | 35 | 1,0 | 0 | 0,0 |
| Reykjanesbær | 212 | 6,1 | 288 | 8,2 |
| Grindavík | 31 | 0,9 | 41 | 1,2 |
| Sandgerði | 79 | 2,3 | 93 | 2,6 |
| Mosfellsbær | 63 | 1,8 | 92 | 2,6 |
| Akranes | 57 | 1,6 | 71 | 2,0 |
| Borgarfjarðar og Dala | 24 | 0,7 | 11 | 0,3 |
| Snæfellinga | 10 | 0,3 | 10 | 0,2 |
| Norðanverðir Vestfirðir | 74 | 2,1 | 64 | 1,8 |
| Vesturbyggð og Tálknafjörður | 8 | 0,2 | 2 | 0,1 |
| Húnaþing vestra | 25 | 0,7 | 25 | 0,7 |
| A-Hún | 11 | 0,3 | 19 | 0,5 |
| Skagafjörður | 12 | 0,3 | 9 | 0,3 |
| Útey | 37 | 1,1 | 39 | 1,1 |
| Eyjafjörður | 161 | 4,7 | 172 | 4,9 |
| Þingeyingar | 27 | 0,8 | 27 | 0,8 |
| Fljótsdalshérað | 31 | 0,9 | 27 | 0,8 |
| Fjarðabyggð | 26 | 0,8 | 44 | 1,3 |
| Hornafjörður | 21 | 0,6 | 13 | 0,4 |
| Árborg | 70 | 2,0 | 97 | 2,8 |
| Árnesþing | 53 | 1,5 | 53 | 1,5 |
| Rang.valla- og V-Skaftafellss. | 18 | 0,5 | 19 | 0,5 |
| Vestmannaeyjar | 68 | 2,0 | 61 | 1,7 |
| **Samtals** | **3.459** | **100,0** | **3.518** | **100,0** |

*Tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt er um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur, samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

*Við áramótin 2012-2013 sameinaðist barnaverndarnefnd Álftaness barnaverndarnefnd Garðabæjar

## Fjöldi barna skipt eftir kynjum

| Kyn | Fyrstu 6 mán. 2012 | | Fyrstu 6 mán. 2013 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Drengir | 1.915 | 55,4 | 1.890 | 53,7 |
| Stúlkur | 1.529 | 44,2 | 1.605 | 45,6 |
| Ekki vitað* | 15 | 0,4 | 23 | 0,7 |
| **Samtals** | **3.459** | **100,0** | **3.518** | **100,0** |

*Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna

## Fjöldi barna sem tilkynnt var um eftir landsvæði

| Landsvæði | Fyrstu 6 mán. 2012 | | Fyrstu 6 mán. 2013 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Höfuðborgarsvæði | 2.404 | 69,5 | 2.333 | 66,3 |
| Landsbyggð | 1.055 | 30,5 | 1.185 | 33,7 |
| **Samtals** | **3.459** | **100,0** | **3.518** | **100,0** |

*Höfuðborgarsvæðið tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

## Fjöldi barna þar sem mál var þegar til meðferðar (opið mál) eða ákveðið var að hefja könnun

| | Fyrstu 6 mán. 2012 | | Fyrstu 6 mán. 2013 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall** | *Fjöldi* | *Hlutfall** |
| Fjöldi barna þar sem ákveðið var að hefja könnun, mál þegar í könnun eða meðferð (opið mál) | 2.408 | 69,6 | 2.420 | 68,8 |
| Drengir | 1.221 | 50,7 | 1.222 | 50,5 |
| Stúlkur | 1.168 | 48,5 | 1.176 | 48,6 |
| Ekki vitað* | 19 | 0,8 | 22 | 0,9 |
| Þar af nýjar kannanir | 1.147 | 33,2 | 1.210 | 34,4 |
| Drengir | 562 | 49,0 | 573 | 47,4 |
| Stúlkur | 576 | 50,2 | 620 | 51,2 |
| Ekki vitað* | 9 | 0,8 | 17 | 1,4 |

*Hlutfall af þeim börnum sem tilkynnt var um
*Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna

.

## Ástæður tilkynninga*

| **Ástæður tilkynninga** | **Fyrstu 6 mán. 2012** | | **Fyrstu 6 mán. 2013** | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| **Vanræksla** | **1.448** | **35,6** | **1.562** | **36,6** |
| *Drengir* | *704* | *17,3* | *749* | *17,6* |
| *Stúlkur* | *744* | *18,3* | *813* | *19,1* |
| Líkamleg vanræksla | 84 | 2,1 | 124 | 2,9 |
| *Drengir* | *34* | *0,8* | *52* | *1,2* |
| *Stúlkur* | *50* | *1,2* | *72* | *1,7* |
| Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit | 1.228 | 30,2 | 1.299 | 30,5 |
| *Drengir* | *608* | *15,0* | *644* | *15,1* |
| *Stúlkur* | *620* | *15,2* | *655* | *15,4* |
| Þar af foreldrar í áfengis-og fíkniefnaneyslu | 324 | 8,0 | 397 | 9,3 |
| *Drengir* | *174* | *4,3* | *166* | *3,9* |
| *Stúlkur* | *150* | *3,7* | *231* | *5,4* |
| Vanræksla varðandi nám | 71 | 1,7 | 85 | 2,0 |
| *Drengir* | *37* | *0,9* | *37* | *0,9* |
| *Stúlkur* | *34* | *0,8* | *48* | *1,1* |
| Tilfinningaleg vanræksla | 133 | 3,3 | 133 | 3,1 |
| *Drengir* | *58* | *1,4* | *50* | *1,2* |
| *Stúlkur* | *75* | *1,8* | *83* | *1,9* |
| **Ofbeldi** | **950** | **23,4** | **1.149** | **26,9** |
| *Drengir* | *406* | *10,0* | *523* | *12,3* |
| *Stúlkur* | *544* | *13,4* | *626* | *14,7* |
| Tilfinningalegt/sálrænt ofbeldi | 475 | 11,7 | 541 | 12,7 |
| *Drengir* | *206* | *5,1* | *254* | *6,0* |
| *Stúlkur* | *269* | *6,6* | *287* | *6,7* |
| þar af heimilisofbeldi | 227 | 5,6 | 240 | 5,6 |
| *Drengir* | *102* | *2,5* | *116* | *2,7* |
| *Stúlkur* | *125* | *3,1* | *124* | *2,9* |
| Líkamlegt ofbeldi | 251 | 6,2 | 294 | 6,9 |
| *Drengir* | *138* | *3,4* | *175* | *4,1* |
| *Stúlkur* | *113* | *2,8* | *119* | *2,8* |
| Kynferðislegt ofbeldi | 222 | 5,5 | 338 | 7,9 |
| *Drengir* | *57* | *1,4* | *105* | *2,5* |
| *Stúlkur* | *165* | *4,1* | *233* | *5,5* |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Áhættuhegðun** | **1.646** | **40,5** | **1.520** | **35,6** |
| *Drengir* | *1130* | *27,8* | *1.025* | *24,0* |
| *Stúlkur* | *516* | *12,7* | *495* | *11,6* |
| Neysla barns á vímuefnum | 273 | 6,7 | 285 | 6,7 |
| *Drengir* | *182* | *4,5* | *185* | *4,3* |
| *Stúlkur* | *91* | *2,2* | *100* | *2,3* |
| Barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu | 497 | 12,2 | 513 | 12,0 |
| *Drengir* | *281* | *6,9* | *291* | *6,8* |
| *Stúlkur* | *216* | *5,3* | *222* | *5,2* |
| Afbrot barns | 630 | 15,5 | 528 | 12,4 |
| *Drengir* | *485* | *11,9* | *411* | *9,6* |
| *Stúlkur* | *145* | *3,6* | *117* | *2,7* |
| Barn beitir ofbeldi | 156 | 3,8 | 156 | 3,7 |
| *Drengir* | *122* | *3,0* | *124* | *2,9* |
| *Stúlkur* | *34* | *0,8* | *32* | *0,8* |
| Erfiðleikar barns í skóla, skólasókn áfátt | 119 | 2,9 | 94 | 2,2 |
| *Drengir* | *74* | *1,8* | *54* | *1,3* |
| *Stúlkur* | *45* | *1,1* | *40* | *0,9* |
| **Heilsa eða líf ófædds barns í hættu** | **22** | **0,5** | **33** | **0,8** |
| | | | | |
| **Tilkynningar alls** | **4.066** | **100,0** | **4.264** | **100,0** |
| | | | | |
| **Hversu oft var barn í yfirvofandi hættu*** | **91** | **100,0** | **127** | **100,0** |
| *Drengir* | *33* | *35,5* | *66* | *52,0* |
| *Stúlkur* | *58* | *62,4* | *60* | *47,2* |
| *Ekki vitað** | *2* | *2,2* | *1* | *0,8* |

*Athugið að aðeins má merkja við eina aðalástæðu fyrir hverja tilkynningu. Hins vegar má merkja við fleiri undirástæður t.d. innan vanrækslu. Ef ein tilkynning berst um vanrækslu skal merkja við vanrækslu sem aðalflokk en merkja má t.d. við bæði líkamlega vanrækslu og tilfinningalega. Samanlagður fjöldi aðalflokkanna fjögurra stemmir því við fjölda tilkynninga en fjöldi innan hvers aðalflokks þarf ekki að stemma við heildartöluna.

*Að mati tilkynnanda

*Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna

## Tilkynnendur

| Tilkynnendur | Fyrstu 6 mán. 2012 | | Fyrstu 6 mán. 2013 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Barnið sjálft | 22 | 0,5 | 31 | 0,7 |
| Ættingjar barns aðrir en foreldrar | 196 | 4,8 | 203 | 4,8 |
| Nágrannar | 312 | 7,7 | 357 | 8,4 |
| Önnur barnaverndarnefnd | 92 | 2,3 | 120 | 2,8 |
| Þjónustumiðst./starfsm.félagsþjónustu | 105 | 2,6 | 110 | 2,6 |
| Lögregla | 1.872 | 46,0 | 1.755 | 41,2 |
| Skóli, sérfræðiþj., fræðslu- eða skólaskr. | 483 | 11,9 | 577 | 13,5 |
| Leikskóli/gæsluforeldri | 74 | 1,8 | 85 | 2,0 |
| Læknir/heilsugæsla/sjúkrahús | 315 | 7,7 | 380 | 8,9 |
| Foreldrar barns | 356 | 8,8 | 356 | 8,3 |
| Aðrir | 239 | 5,9 | 290 | 6,8 |
| **Samtals** | **4.066** | **100,0** | **4.264** | **100,0** |

# Umsóknir um meðferð

## Tegund meðferðar

| Tegund meðferðar | Fyrstu 6 mán. 2012 | | Fyrstu 6 mán. 2013 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Stuðlar | 24 | 63,2 | 18 | 62,1 |
| Langtímameðferð | 14 | 36,8 | 11 | 37,9 |
| **Samtals** | **38** | **100,0** | **29** | **100,0** |

## Umsóknir eftir landsvæði

| Landsvæði | Fyrstu 6 mán. 2012 | | Fyrstu 6 mán. 2013 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Reykjavík | 19 | 50,0 | 8 | 27,6 |
| Nágrenni Reykjavíkur* | 15 | 39,5 | 9 | 31,0 |
| Landsbyggð | 4 | 10,5 | 12 | 41,4 |
| **Samtals** | **38** | **100,0** | **29** | **100,0** |

*Nágrenni Reykjavíkur tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

## Kyn barna sem sótt er um meðferð fyrir

| Kyn | Fyrstu 6 mán. 2012 | | Fyrstu 6 mán. 2013 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Drengir | 22 | 57,9 | 19 | 65,5 |
| Stúlkur | 16 | 42,1 | 10 | 34,5 |
| **Samtals** | **38** | **100,0** | **29** | **100,0** |

## Meðalaldur barna sem sótt er um meðferð fyrir

| Meðalaldur barna | Fyrstu 6 mán. 2012 | Fyrstu 6 mán. 2013 |
|---|---|---|
| Meðalaldur barna | 16,2 | 16,3 |

*Meðalaldur barna er reiknaður út frá fæðingarári, aldri barns við lok árs.

## Umsóknir um Fjölkerfameðferð (MST)

### Umsóknir eftir landsvæði

| Landsvæði | Fyrstu 6 mán. 2012 | | Fyrstu 6 mán. 2013 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Reykjavík | 13 | 41,9 | 18 | 40,9 |
| Nágrenni Reykjavíkur* | 18 | 58,1 | 26 | 59,1 |
| **Samtals** | **31** | **100,0** | **44** | **100,0** |

*Nágrenni Reykjavíkur tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

### Kyn barna sem sótt er um MST fyrir

| Kyn | Fyrstu 6 mán. 2012 | | Fyrstu 6 mán. 2013 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Drengir | 16 | 51,6 | 25 | 56,8 |
| Stúlkur | 15 | 48,4 | 19 | 43,2 |
| **Samtals** | **31** | **100,0** | **44** | **100,0** |

### Meðalaldur barna sem sótt var um MST fyrir

| Meðalaldur barna | Fyrstu 6 mán. 2012 | Fyrstu 6 mán. 2013 |
|---|---|---|
| Meðalaldur barna | 15,5 | 15,2 |

*Meðalaldur barna er reiknaður út frá fæðingarári, aldri barns við lok árs.

# Umsóknir um fóstur

## Tegund fósturs

| Tegund fósturs | Fyrstu 6 mán. 2012 | | Fyrstu 6 mán. 2013 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Tímabundið | 42 | 73,7 | 55 | 74,3 |
| Varanlegt | 5 | 8,8 | 6 | 8,1 |
| Styrkt | 10 | 17,5 | 13 | 17,6 |
| **Samtals** | **57** | **100,0** | **74** | **100,0** |

## Umsóknir eftir landsvæði

| Landsvæði | Fyrstu 6 mán. 2012 | | Fyrstu 6 mán. 2013 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Reykjavík | 23 | 40,4 | 27 | 36,5 |
| Nágrenni Reykjavíkur* | 18 | 31,6 | 18 | 24,3 |
| Landsbyggð | 16 | 28,1 | 29 | 39,2 |
| **Samtals** | **57** | **100,0** | **74** | **100,0** |

*Nágrenni Reykjavíkur tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

## Kyn barna sem sótt er um fóstur fyrir

| Kyn | Fyrstu 6 mán. 2012 | | Fyrstu 6 mán. 2013 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Drengir | 25 | 43,9 | 40 | 54,1 |
| Stúlkur | 32 | 56,1 | 34 | 45,9 |
| **Samtals** | **57** | **100,0** | **74** | **100,0** |

## Meðalaldur barna sem sótt er um fóstur fyrir

| Meðalaldur barna | Fyrstu 6 mán. 2012 | Fyrstu 6 mán. 2013 |
|---|---|---|
| Samtals | 11,1 | 11,5 |

*Meðalaldur barna er reiknaður út frá fæðingarári, aldri barns við lok árs.

# Þjónusta í Barnahúsi

## Þjónusta í Barnahúsi

| | Fyrstu 6 mán. 2012 Fjöldi | Fyrstu 6 mán. 2013 Fjöldi |
|---|---|---|
| Rannsóknarviðtöl | 121 | 151 |
| a. Skýrslutökur | 28 | 60 |
| b. Könnunarviðtöl | 93 | 91 |
| Greiningar- og meðferðarviðtöl | 53 | 58 |
| Læknisskoðanir | 3 | 10 |

## Kyn barna í Barnahúsi*

| **Kyn** | **Fyrstu 6 mán. 2012** | | **Fyrstu 6 mán. 2013** | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Drengir | 30 | 24,8 | 42 | 27,8 |
| Stúlkur | 91 | 75,2 | 109 | 72,2 |
| **Samtals** | **121** | **100,0** | **151** | **100,0** |

*kyn þeirra barna sem komu í skýrslutöku eða könnunarviðtal, sama barn getur komið bæði í skýrslutöku og könnunarviðtal innan tiltekins tíma.

# Neyðarvistun á Stuðlum

## Neyðarvistun á Stuðlum

| | Fyrstu 6 mán. 2012 Fjöldi | Fyrstu 6 mán. 2013 Fjöldi |
|---|---|---|
| Fjöldi vistana | 101 | 105 |
| Vistunardagar | 608 | 766 |
| Fjöldi einstaklinga | 54 | 56 |

## Kyn barna í neyðarvistun á Stuðlum

| **Kyn** | **Fyrstu 6 mán. 2012** | | **Fyrstu 6 mán. 2013** | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Drengir | 36 | 66,7 | 35 | 62,5 |
| Stúlkur | 18 | 33,3 | 21 | 37,5 |
| **Samtals** | **54** | **100,0** | **56** | **100,0** |

# Umsóknir um leyfi til að gerast fósturforeldrar

## Umsókn um leyfi til að gerast fósturforeldrar

| Hvaðan koma umsóknir? | Fyrstu 6 mán. 2012 | | Fyrstu 6 mán. 2013 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Reykjavík og nágrenni | 21 | 63,6 | 23 | 71,9 |
| Vesturland | 1 | 3,0 | 0 | 0,0 |
| Vestfirðir | 0 | 0,0 | 2 | 6,3 |
| Norðurland | 6 | 18,2 | 2 | 6,3 |
| Austurland | 0 | 0,0 | 2 | 6,3 |
| Suðurland | 2 | 6,1 | 1 | 3,1 |
| Reykjanes | 3 | 9,1 | 2 | 6,3 |
| Fólk búsett erlendis | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| **Samtals** | **33** | **100,0** | **32** | **100,0** |

*Reykjavík og nágrenni Öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.